

# **SPORTABLER LEIÐBEININGAR**

## **FYRIR OPNUN SKRÁNINGAR Í UPPHAFI STARFSÁRS**

### **UPPFÆRÐAR 1.8.2023**



## **INNIBALD**

Inngangsorð .....	2
1. Uppsetning sviða .....	2
Sviðið "Skátar" .....	3
Sviðið "Bakland" .....	3
Sviðið "Sjálfboðaliðar" .....	4
Sviðið "Skátamót" .....	4
Sviðið "Útilíffskólinn/Sumarnámskeið" .....	4
2. Uppsetning flokka innan sviðsins skátar .....	5
3. Uppfærsla flokka innan sviðsins skátar .....	6
Aldursuppfærslur .....	7
Um skráningu fjölskylduskáta og hrefnuskáta .....	8
Uppfærsla tímabils .....	9
4. Setja flokka í safn sem eru úreltir .....	10
5. Opna skráningu í gegnum vefverslun .....	11
Framsetning upplýsinga um félagsskráningu .....	13
Valmöguleikar .....	14
Systkina- og annarskonar afsláttur .....	15
Setja upp svæði félags .....	17
6. Færa þátttakendur á milli flokka .....	18
7. Forskrá þátttakendur í greiðsluferli .....	19
8. Upplýsa þátttakendur um forskráningu .....	22
Hvernig félagið skráir skáta úr félagini eða fjarlægir greiðsluferli .....	22
8. Uppfæra upplýsingar um foringja í Sportabler .....	23
Hvernig skuli uppfæra upplýsingar um foringja .....	24
Hvernig fjarlægja skuli foringja .....	25
Láta þinn erindreka vita að þessu skrefi sé lokið .....	26
9. Setja skátafundi og viðburði inn í Sportabler .....	26
Utanfélagsviðburðir, dagsferðir og sveitarútilegur .....	27
Félagsútilegur .....	28



# Inngangsorð

Þessar leiðbeiningar eru teknar saman til að hjálpa sjálfboðaliðum og starfsfólki skátafélaga að opna skráningu í upphafi starfsárs en líka til að styrkja til framtíðar að félagið noti Sportabler á máta sem er bestur fyrir félagið og einstaklingana innan þess. Ef gátt þíns skátafélags í Sportabler er ólík því sem Skátamiðstöðin mælir með er best fyrir félagið að aðlaga gáttina og tileinka sér það verklag sem mælt er með. Þetta mun auðvelda vinnu til framtíðar, gera féluginu auðveldara að nýta sér leiðbeiningar sem þessar, búa til betri upplifun fyrir stjórn, starfsfólk, foringja, skátana sjálfa og forráðafólk þeirra. Einnig mun það gera féluginu kleift að nýta sér alla virkni kerfisins til hins fyllsta t.d. þegar kemur að gagnagreiningu, fjármálaumsjón og sögu félagsaðildar einstaklinga.

## 1. Uppsetning sviða

Til að féluginu gangi sem best að nota Sportabler á þann samræmda máta sem Skátamiðstöðin mælir með er gott að fara yfir að „**sviðin**“ innan félagsins séu sett upp og nefnd á eftirfarandi máta. Þetta er gert í **stjórnenda viðmótinu**.

Svið  Display archived departments

### Deild Skátafélagið Skjöldungar

<input type="radio"/>	1 # Svið
<input type="radio"/>	2 # Bakland
<input type="radio"/>	3 # Sjálfboðaliðar
<input type="radio"/>	4 # Skátamót
<input type="radio"/>	5 # Útillfsskóli
<input type="radio"/>	Alls

Mynd 1 Dæmi um fyrirmynadar uppsetningu sviða frá Skjöldungum



Við hvetjum öll félög til að vera **allavega** með þessi fimm svið í Sportabler hjá sér og nota fyrir þá starfsemi sem er útskýrð hér á eftir. Félög geta síðan búið til fleiri svið til að ná utan um aðra starfsemi sem er sértæk fyrir þeirra félag.

## Sviðið “Skátar”

Þetta svið **er hið eiginlega félagatal skátanna í féluginu**. Innan þessa sviðs eru til „**Flokkar**“ fyrir hvert aldursbil eða fyrir hverja sveit séu margar innan ákveðinna aldursbila. Allir einstaklingar sem eru skráð í félagið undir þessu sviði eru með fullgilda [A-aðild að BÍS samkvæmt 2. grein laga BÍS](#).

Skátamiðstöðin og BÍS tekur mið af þessu sviði t.d. þegar athugað er hvort þátttakendur hafi þáttökurétt á viðburðum, í almennri gagnaöflun og þegar við teljum saman félaga innan Skátahreyfingarinnar undir lok hvers starfsárs.

## Sviðið “Bakland”

Bakland hefur ólíka þýðingu í ólíkum félögum. En hægt er að flokka þau í fjóra megin flokka:

- Gamlir félagar sem vilja halda tengingu við félagið og hafa
  - Virka félagsaðild að BÍS og félagið greiðir félagsgjöld í BÍS fyrir.
  - Hafa ekki virka félagsaðild að BÍS og félagið greiðir ekki félagsgjöld fyrir.
- Sjálfboðaliðar, ýmist skátar eða ekki, sem hafa samþykkt að vera á útkallslista og eru reiðubúin að hoppa til aðstoða félagið þegar þörf er á þeim.
- Í sumum félögum er baklandið styrktaraðilar, [samanber E\) lið 14. greinar laga BÍS](#), sem greiða árgjald til styrktar skátafelaginu en hafa ekki félagsaðild að BÍS og félagið greiðir því ekki félagsgjald til BÍS fyrir.
- Einhver blanda af þessu þrennu innan sama félags samtímis.

Þetta svið ætti að nota til að halda utan um skráningu þessara aðila. Ólíka flokka má stofna til að aðgreina á milli ólíkra hópa t.d. styrktaraðila og sjálfboðaliða á útkallslista.

Skátamiðstöðin bendir sérstaklega á að um leið og sjálfboðaliði á útkallslista, gamall félagi í baklandsskrá eða styrktaraðili án félagsaðildar tekur þátt í starfi félagsins ber þeim að skila inn sakavottorðsheimild [sbr. 14. grein laga BÍS](#).

Erindreki þíns skátafélags heldur utan um hvernig þitt félag notar sviðið og sækir þangað upplýsingar um þau sem skráð eru á sviðið og hafa virka félagsaðild að BÍS.



## Sviðið “Sjálfboðaliðar”

Þetta svið er helst ætlað sem skipulags verkfæri fyrir skátafélagið. Skátamiðstöðin mælir að flokkar séu stofnaðir utan um þá hópa sem eru í skilgreindu hlutverki innan félagsins, t.d. foringjaráð, skálastjórн, verkefnahópar. Öll **félög eru þó beðin um að hafa stjórnina í einum flokk og rétt skráða á þessu sviði** hverju sinni.

Mörg félög nota þetta svið til að hafa skipulags- og samskiptavettvang milli foringja og stjórnar, þannig er hægt að dagsetja og boða foringjaráðs og félagsráðs fundi og margt fleira sniðugt. Eftir því sem við lærum af félögunum góðar aðferðir við að nota þetta svið munum við leiðbeina félögum um það með nákvæmari hætti. En núna hvetjum við félög til að prófa sig áfram með sviðið og segja okkur frá aðferðum sem virka vel fyrir þau.

## Sviðið “Skátamót”

Þetta svið er ætlað sem verkfæri þegar félögin halda viðburði þar sem skátum úr öðrum félögum er líka boðið að taka þátt. Þegar viðburður er haldinn er flokkur stofnaður innan þessa sviðs sem heldur utan um þátttakendur. Þannig er komið í veg fyrir að þátttakendur á stökum viðburði húki í flokki innan félagatalsins sem er sviðið „Skátar“ en mun einnig auðvelda við allskyns gagnagreiningu og skýrslugerð í framtíðinni að sigta í burtu þau sem hafa einhvern tímann verið á skrá hjá féluginu en ekki verið félagar.

## Sviðið “Útilífskólinn/Sumarnámskeið”

Þetta svið er féluginu ætlað að nota ef það er með útilífskóla eða annars konar sumarnámskeið. Þá eru flokkar stofnaðir innan þessa sviðs fyrir hverja námskeiðsviku og þau sem kaupa pláss í þeim vikum fara á skrá á þessu sviði. Þannig er auðvelt fyrir félagið að sigta þessa einstaklinga frá sínum félögum en einnig auðvelt fyrir Skátamiðstöðina að taka saman þátttökutölur á sumarnámskeiðum frá hverju félagi fyrir ráðuneytið.

Innan þessa sviðs má líka stofna flokk utan um starfsfólkið sem stjórnandi námskeiða getur notað til að stilla upp vöktum, vera í samskiptum við starfsfólk og margt fleira gagnlegt.



## 2. Uppsetning flokka innan sviðsins skátar

Næsta skref er að yfirfara að flokkarnir innan sviða séu réttir og uppfæra upplýsingarnar. Skátamiðstöðin mælir eindregið með því að félögin setji upp einföld nöfn sem eru tímalaus, forðist breytileg sveitarnöfn og ártöl í nöfnum flokka svo hægt sé að nota þá aftur ár frá ári. Kjósi félög frekar að nefna flokka sértækum nöfnum sem þarf að breyta á hverju ári t.d. „Fálkaskátar 2023-24“ eða „Drekaskátar 2015 & 2014 árgangur“ að nýir flokkar séu stofnaðir á hverju ári og þeir gömlu settir í safn.

Best er að flokkarnir nýtist aftur frá ári til árs, bæði til að spara féluginu óþarfa vinnu en einnig vegna þess að „Saga iðkenda“ virknin í Sportabler verður óskýrari og erfiðari að vinna með þau gögn ef iðkendur eru skráðir í nýjan flokk frá ári til árs og þá getur gagnagreining orðið mjög ruglingsleg ef verið er að breyta nöfnum flokka á hverju ári.

Skátamiðstöðin mælir helst gegn því að stofna nýja flokka frá grunni á hverju ári og eyða þeim gömlu. Það stofnar óþarfa vinnu fyrir félagið en gerir upplifunina líka verri fyrir skátana og forráðafólk þeirra. Þá sýnir reynslan að ef nýir flokkar eru stofnaðir húka gömlu heillengi inni í kerfinu ásamt félögum sem eru jafnvel löngu hætt í starfi.

Skátamiðstöðin hvetur félögin að vera með flokkana einfalda, einn fyrir hvert aldursbil nema þegar það eru fleiri en ein sveit. Ekki gleyma að vera með flokk utan um róver- og eldri skáta líka og fyrir fjölskylduskáta séu slíkir í féluginu.

Skátafélagið Faxi, Skátar	
Flokkar	
<input type="radio"/>	Flokkar
<input type="radio"/>	1 Drekaskátar
<input type="radio"/>	2 Dróttsskátar
<input type="radio"/>	3 Eldri skátar
<input type="radio"/>	4 Fálkaskátar
<input type="radio"/>	5 Rekkaskátar
<input type="radio"/>	6 Róverskátar

Mynd 2 Dæmi um uppsetningu flokka á sviðinu „Skátar“ frá Faxa




Hver virkur skáti í félagini þ.e. þáttakendur og sjálfboðaliðar í ábyrgðarstöðum eiga á hverjum tíma að vera skráð einu sinni í einn af þessum flokkum. Skátamiðstöð minnir á að það er gríðarlega mikilvægt fyrir skátafelagið sjálft og landshreyfinguna að rekka-, róver- og eldri skátar séu líka skráð í félagatalið og það sé uppfært milli ára. Þá er bæði til nákvæm saga um hverjir hafa verið í félagini hverju sinni og Skátamiðstöð og þar með BÍS fá betri yfirsýn með raunverulegri stöðu innan félaganna hverju sinni.

### 3. Uppfærsla flokka innan sviðsins skátar

Í byrjun hvers starfsárs er mikilvægt að uppfæra flokkana. Það er gert í stjórnda viðmóti Sportabler og er bæði hægt að gera með að smella á „Flokkar“ í vinstri borða á síðunni eða með því að smella á „Svið“ í vinstri borða á síðunni og fara svo inn í sviðið þar sem flokkurinn er sem á að breyta.

Til að fá afmarkaðri flokka er farið í gegnum Svið í þessum leiðbeiningum.

Fyrst er mikilvægt að uppfæra aldursbil flokkana, yfirfara að kynjatakmarkanir séu réttar, uppfæra tímabil og laga nöfn þeirra ef þess er þörf.



Mynd 3 Hnapparnir

Til að gera þetta er hakað við flokkinn og smellt á hnappinn „Breyta“, sem er uppi í hægra horni á síðunni, og þar valið „Breyta flokk“.

Skátarnir, Skátar		Leita Q	Slur	Hreinsa slu	Stofna (1) ▾	Eyða (1) ▾	Breyta (1) ▾ (highlighted)	Annað (1) ▾
Flokkar					Næsta vika			
Þ	Flokkar	Meðalt. mælt, %	Leikmenn ⓘ	Breyting sl. 30	Æfling / Leikur	Æfling / Leikur		
🕒	1 Eitt sinn skáti	0	1	0	0 / 0	0 / 0		
=	Alls	0	1	0	0 / 0	0 / 0		

Mynd 4 Dæmi um hvernig maður breytir flokk

Þá kemur upp gluggi þar sem hægt er að breyta nafni flokks, velja hvaða kynjatakmarkanir eru í gildi í þeim flokki og stilla á hvaða aldri þáttakendur geta verið í þessum flokki. Allar þjónustur, viðburðir og annað sem er stofnað innan



flokksins munu síðan fá sömu takmarkanir þegar kemur að aldri og kyni. Sé þessari uppfærslu sleppt verður maður með rangar takmarkanir út árið.

Breyta flokk

Nafn\*: Eitt sinn skáti

Kyn\*: Óháð

Fæðingarár frá: 1900

Fæðingarár til: 2005

Almennt

Tímabil

Mynd

Aðrar stillingar

Uppfæra Loka

**Mynd 5** Dæmi um það sem þarf að yfirfara þegar flokkur er uppfærður og hvaða hnapp þarf að smella á til að vista breytingar

## Aldursuppfærslur

Þegar aldursbil er uppfært þarf eldra fæðingarárið að koma fyrst og hið yngra að koma á eftir. Þegar búið er að gera breytingar **þarf að smella á hnappinn „Uppfæra“** ef smellt er á „Loka“ eða glugganum lokað með að ýta á „X“ vistast breytingar ekki. Eftir að smellt er á „Uppfæra“ þarf að loka glugganum og opna aftur áður en aðrar breytingar eru gerðar á floknum, því eftir það breytist „uppfæra“ takkinn í „stofna“ takka og í stað þess að breyta fyrirliggjandi flokk býr maður til nýjan.

Starfsárið 2023-2024 eru aldursbilin eftirfarandi:

Aldursbil	Fæðingarár frá	Fæðingarár til
Hrefnuskátar	2017	2020
Drekaskátar	2014	2016
Fálkaskátar	2011	2013
Dróttskátar	2008	2010
Rekkaskátar	2005	2007
Róverskátar	1998	2004
Eldri skátar	1,400,000 f.Kr.	1997

**Tafla 1** Aldursbilin starfsárið 2023-2024



## Um skráningu fjölskylduskáta og hrefnuskáta

Athugið að Hrefnuskátar er nýtt aldursbil sem starfar innan fjölskylduskáta. Skátamiðstöðin mælist til þess að börn sem taka þátt í fjölskylduskátastarfi 3-6 ára séu skráð í flokk sem heitir „Hrefnuskátar“ eða „Fjölskylduskátar“, þau teljast hafa félagsaðild að skátunum. Systkini á öðrum aldri kunna að taka þátt með þeim, séu þau yngri skal ekki skrá þau sérstaklega af persónuverndarsjónarmiðum.

Séu þau eldri og starfa líka á sínum eigin aldursbilum nægir sú skráning. Ef þau eru eldri og starfa ekki með sínu aldursbili er mikilvægt að skrá þau í flokkinn með yngri systkinum sínum. Þannig hefur félagið og landshreyfingin söguna um þátttöku þeirra, þau teljast þó ekki hafa félagsaðild að skátunum og BÍS mun ekki rukka félagsgjöld fyrir þátttakendur sem eru skráð í þessa flokka en tilheyra ekki aldursbilinu.

Forráðafólk fylgir börnum sínum sem aðstandendur í flokk fjölskylduskáta í kerfinu án þess þó að vera skráð, enda eru þau að fylgja börnum sínum í starfi og teljast ekki hafa félagsaðild að BÍS. Skátamiðstöðin mælist til þess að skrá forráðafólk sem tekur þátt í fjölskylduskátastarfi ekki sérstaklega í félagatal fyrr en það sjálft vill gegna ábyrgðarstöðum fyrir félagið eða tilheyra sveit beirra aldursbils í félagini. Skátamiðstöð bendir á að um leið og forráðafólk í fjölskylduskátum er skráð sérstaklega í félagtal er innheimt félagsgjald af hálfu BÍS fyrir viðkomandi og þau teljast hafa félagsaðild að BÍS. Því er mikilvægt að félögin hafi upplýst samþykki forráðafólks fyrir að skrá það því ekki er leyfilegt að skrá fólk í félagasamtök án þeirra meðvitundar og samþykkis.



## Uppfærsla tímabils

Næst er mikilvægt að uppfæra tímabil, sem þarf að skilgreina til að halda utan um mætingu einstaklinga:

Breyta flokk

Notá tímabil

Frá dags: 01/08/2023

Loka dags: 31/07/2024

Almennt

Tímabil

Mynd

Aðrar stillingar

Uppfæra Loka

Mynd 6 Sýnidæmi um hvernig skuli stilla tímabil fyrir starfsárið 2022-2023

Þetta er gert í sama glugga og þar sem aldursbilið var uppfært, ef smellt er á „uppfæra“ eftir breytingu er mikilvægt að loka glugganum og opna hann aftur eins og var útskýrt að ofan. BÍS lýtur svo á að starfsár nái frá 1. ágúst fyrra árs til 31. júlí síðara árs, því mælir Skátamiðstöðin með að tímabil allra flokka séu skilgreind eins eftir því.

Að lokum er mjög mikilvægt að gæta þess að undir „Aðrar stillingar“ í floknum sé hakað við „Aðstandendur leyfðir“ hjá Rekkaskátum og yngri þannig að forráðafólk geti séð flokkinn sem barn þeirra er skráð í og viðburði innan þess flokks.

Breyta flokk

Svöld: Skátarnir - Skátar

Sýnileiki meðlima: Sjálfgefið

Sýnileiki mætingar: Pjálfari og leikmaður (sjálfgefið)

Kóði: IPFAQ

Litur: #3a5ca1

Aðstandendur leyfðir

Staða: Virk

Uppfæra Loka

Mynd 7 Sýnidæmi um hvernig skuli haka við Aðstandendur leyfðir

Í öðrum stillingum má líka stilla hvort meðlimir í floknum og forráðafólk þeirra geti séð önnur sem eru skráð í flokkinn eða ekki og mætingarskráningu á viðburði inni í floknum t.d. á skátafundi eða ekki. Sé valið „Sjálfgefið“ sjá öll allt, sé valið



„Leynilegt“ sjá eingöngu „bjálfarar“ og „stjórnendur“ allt en þátttakendur og aðstandendur sjá bara viðkomandi í floknum en þá lokast líka möguleikinn á að senda hópskilaboð í gegnum kerfið fyrir alla.

Að lokum er vert að minnast á að undir „Aðrar stillingar“ er hægt að finna kóðann sem hægt er að nota til að skrá sig í flokkinn. Ef að einstaklingur er skráður með kóðanum þarf að taka aukaskref til að setja viðkomandi í greiðsluferli fyrir félagsgjaldi. Það verður útskýrt í 7. skrefi í þessum leiðbeiningum.

## 4. Setja flokka í safn sem eru úreltir

Hafi félagið í fortíð óvart stofnað aukatekna flokka utan um t.d. félagsútilegur á þessu sviði eða búið til nýjan flokk fyrir hvert aldursbil á hverju starfsári er mikilvægt að setja úrelta flokka í safn á milli starfsára. Þetta mun í fyrsta lagi tryggja að þátttakendur sem eru hætt húki í Sportabler skel félagsins um aldur og ævi og auðvelda alla gagnavinnslu í framtíð.

Til að setja flokk í safn er fyrst hakað við flokkinn sem á að hreinsa út og valið að breyta honum líkt og var útskýrt í hluta 3. hér á undan. Þá kemur upp gluggi þar sem smellt er á „Aðrar stillingar“ en þarf að smella á rauða takkann „Í safn“.

Breyta flokk

<input type="checkbox"/> Almennt	<input checked="" type="checkbox"/>	Sýnileiki meðlima*	Sjálfgefið		
<input type="checkbox"/> Tímabil	<input checked="" type="checkbox"/>	Sýnileiki mætingar*	Pjálfari og leikmaður (sjálfgefið)		
<input type="checkbox"/> Mynd	<input checked="" type="checkbox"/>	Kóði	SMF8YZ	Búa til	Hreinsa
<input checked="" type="checkbox"/> Aðrar stillingar		Litur*	#ffca28		
		<input checked="" type="checkbox"/> Aðstandendur leyfðir			
Staða	Virk	<b>Í safn</b>			

Uppfæra Loka

Mynd 8 Sýnidæmi um hvert maður smellir til að setja flokk í safn.



Þegar flokkur er settur í safn verður hann óvirkur, við það eru allir iðkendur skráðir úr floknum og hverfur hann úr sýninni hjá skátafelaginu, iðkendum og forráðafólki þeirra. Þessi flokkur og listi þeirra sem voru í honum er þó ekki horfinn að eilífu. Þegar „Saga iðkenda“ er skoðuð sjást öll sem voru skráð í flokk yfir það tímabil sem er skoðað, jafnvel þó flokkurinn sé nú kominn í safn. Þá er einnig hægt að velja í stjórnenda viðmóti að sjá flokka sem eru komnir í safn. Því ættu félög ekki að hika við að setja flokka í safn, og helst alls ekki að hika við það, því ef við hreinsum ekki út úrelta flokka er hætta á að það húki lengi inni í kerfinu okkar þáttakendur sem eru löngu hætt, sem þýðir líka að í sýn iðkandans og forráðfólks þeirra er eins og þau séu enn skráð í félagið þótt þau séu það ekki. Því er þetta afar mikilvægur þáttur á hverju ári.

Skátamiðstöðin minnir á að það er þó kostur að endurnýta flokka á milli ára, því eins og er útskýrt í skrefi 6 þá færum við frekar þáttakendur á milli flokka til að spara vinnu og fá skýrari sögu iðkenda yfir lengri tíma.

## 5. Opna skráningu í gegnum vefverslun

Nú þegar bessi innri skel kerfisins hefur verið uppfærð er hægt að vindu sér út í að opna skráninguna í Sportabler vefverslunar gátt félagsins (sem fólk getur fundið á á sportabler.com/shop/nafnfelags). Þetta er gert í stjórnendaviðmótinu í „þjónustuyfirlit“ sem má finna í vinstri borða á síðunni. Ef félagið hefur vandað vel til verka á fyrra ári getur það klónað skráninguna frá fyrra ári til að spara sér vinnu,

Felag	Þjónustur Skátnir	Nafn þjónustu	Flokkur	Fæðingarár	Kyn	Áskriftir	Ögreitt	Bíðileti	Verð	Staða
Skátafelagið Skóldungar	Nafn þjónustu	Flokkur								
Skátafelagið Strangið	Alheimsmót skáta 2023 - IST líbar	Alheimsmót skáta 2023 - IST 42/24 (77%)	1900 - 2005	41 ♂	2 ♂	0			Frá 46,600 Fjárl.	Opð
Skátafelagið Strokr	Alheimsmót skáta 2023 - Páttakendur	Alheimsmót skáta 2023 - Páttakendur 176/107 (164%)	2005 - 2009	176 ♂	0	0			Frá 46,600 Fjárl.	Opð
Skátafelagið Svanir	Fjölskylduskátahelgi á Úlfþjórvatni	Fjölskylduskátahelgi á Úlfþjórvatni	1900 - 2004	0	0	0			Frá 55,000 Síð.	Opð
Skátafelagið Vifill	Sumarbúðir á Úlfþjórvatni 2022 fyrir 12-14 ára		2008 - 2010	0	2 ♂	29			Frá 54,900 Fjárl.	Opð
Skátafelagið Vogabærur	Sumarbúðir á Úlfþjórvatni 2022 fyrir 9-11 ára	Námskeið 1 9/24 (66%)	2010 - 2014	0	0	57			Frá 54,900 Fjárl.	Opð
Skátafélag Íslenskra skáta	Landsmót Rekka- og Röverskáta - TJALDBÚÐ	Landsmót rekka- og röverskáta 2022 0/40 (0%)	1996 - 2005	0	1 ♂	0			Frá 20,000 Síð.	Opð
Greiðslistur	Landsmót fálkaskáta 2022	Landsmót fálkaskáta 2022 0/30 (0%)	2009 - 2011	0	2 ♂	0			Frá 27,000 Síð.	Opð
Flokkar	Síkátháinn 2029	Síkáthánn 2029	1900 - 2014	n	0 ♂	n			Frá 0	Opð

Mynd 9 Skjáskot úr þjónustuyfirliti skátanna um hvernig skuli stofna nýja skráningu í vefverslun.



eða opnað skráninguna sem nýjan valkost í þjónustu síðasta árs en nú verður farið yfir hvernig skuli stofna skráningu frá grunni.

Þegar inn í „þjónustuyfirlit“ er komið er smellt á takkann „Stofna“ uppi í hægra horni á síðunni og þar valið „Stofna þjónustu“. Þá birtist eftirfarandi gluggi:

**Mynd 10** Upphafsgluggi við stofnun nýrrar þjónustu

Fyrsta skref er að tengja þjónustuna við flokk, með því munu öll sem kaupa þessa „þjónustu“ í vefverslun félagsins einnig vera skráð í flokkinn sem þjónustan er tengd við. Þá munu allar takmarkanir sem hafa verið sett á flokkinn s.s. hvað varðar aldur, tímabil og kyn klónast inn í þjónustuna, svo eingöngu er hægt að kaupa þjónustuna fyrir einstaklinga sem eru innan þeirra takmarkana. Til þess þarf samt að smella á „Stillingar“ og haka við „Aldur frá“ og „Aldur til“.

**Mynd 11** Stillingar hluti nýrrar þjónustu



Hér er vert að minnast á að ekki þarf alltaf að tengja þjónustu við flokk. Ef félag væri t.d. að selja merkt félagseinkenni í gegnum vefverslunina eða í fjárlun að selja kerti þyrfti ekki að tengja það við flokk, upplýsingar um þau sem kaupa þjónustuna og hvað þau væru að kaupa myndi þá vistast í þjónustunni sjálfri án þess að fólk færi á skrá innan einhvers flokks á einhverju sviði í Sportabler.

## Framsetning upplýsinga um félagsskráningu

Skátamiðstöðin hvetur félög til að setja fram greinagóðar upplýsingar þegar skráning er opnuð. Það sé skýrt yfir hvaða tímabil félagsskráningin gildi, hvað sé á döfinni fyrir viðkomandi aldursbil á árinu, hver séu í ábyrgð fyrir starfi viðkomandi aldursbils, hvernig endurgreiðsluskilmálar séu varðandi félagsgjöld og annað sem félagið vill koma á framfæri. Hér á eftir er sniðmát sem fólk getur nýtt sér en textinn sem er blálitaður þarf félagið að gæta að aðlaga.

„Félagsskráning í -----skátana í skátafélaginu ----- starfsárið 2023-2024.

-----skátar hittast á -----dögum frá -- til --, sveitarforingjar eru -----

-----skátar er aldursbil fyrir öll börn -- til -- ára. Í starfinu fást þau við fjölbreytt viðfangsefni þar sem áhersla er lögð á persónulegan vöxt, samvinnu og útilíf. Á starfsárinu fara -----skátarnir í **dagsferð** með jafnöldrum sínum í féluginu **á vorönn og haustönn**, **sveitarútilegu** með jafnöldrum sínum **á vorönn og haustönn**, félagsútilegu með öllum skátum í féluginu **á vorönn og haustönn**, ásamt því sem farið verður á -----skátadaginn og **hér geta komið fleiri viðburðir eða skátamót utan félags sem þetta aldursbil fer á.**

Ásamt almennum skilmálum Bandalags íslenskra skáta sem má finna í skilmálum félagsins á Sportabler og á <https://skatarnir.is/skilmalar> samþykkir forráðafólk eftirfarandi skilmála skátafélagsins:

**Sérstakir skilmálar sem eru samt ekki í mótsögn við skilmála landssamtakanna geta komið hér, helst númeraðir.**

Í félagsgjaldi er innifalin vikuleg fundardagskrá, **sveitarútilega**, félagsútilega og einkenni sem eru skátaklútur, merki sem skátinn vinnur að og peysa frá féluginu. **Hætti þáttakandi í starfinu fást félagsgjöld ekki endurgreidd.“**



## Valmöguleikar

Til að setja upp verð, fjöldatakmörkun, yfir hvaða tímabil félagsskráningin er gild og hversu lengi skráning á að standa opin er farið í „Valmöguleikar“, þar er smellt á „Stofna val“ og þá birtist þessi gluggi:

Stofna þjónustu

Stofna val

Nafn: Félagsgjald starfsárið 2022-2023, heilt ár

Áskrift hefst: 01.08.2022

Áskrift lýkur: 31.07.2023

Skráning opnar: 01.08.2022 13:56

Skráning lokar: 31.05.2023 13:56

Fjöldatakmörkun: 30

Biðlisti: Já

Verð: 50000

Hámark skiptana: 4

Staða: Opið

Undirhópur: Select...

Vista Loka

0 kr.

Kveikja

Almennt

Staðsettning

Afslættir

Stillingar

Valmöguleikar

Forskoða í vef

Námskeið fyrir

Skátamiðstöðin mælist til þess að áskrift sé látin hefjast og enda í takt við starfsárið frá 1. ágúst fyrra árs til 31. júlí síðara árs. Þá eru félög alltaf hvött til að hafa skýra fjöldatakmörkun út frá foringjastöðu, þroska og sjálfstæði skáta innan viðkomandi skátasveitar. Þá skal ávallt bjóða upp á biðlista.

Skátamiðstöðin hvetur skátafélög til að tileinka sér að bjóða eingöngu upp á heilsárs skráningu að hausti. Ástæðan er sú að félög sem rukka fyrir haustönn og vorönn í sitthvoru lagi eru með lélegri innheimtu, meira brottfall og þurfa að leggja meiri vinnu í innheimtu. Það skapar féluginu mikla óþarfa tvívinnu að skrá öll aftur eftir áramót og fylgjast aftur með innheimtu. En þá virðist annarskráning spila stóran þátt í að skátar hætti þátttöku á miðju ári. Með því að bjóða bara heilsársskráningu að hausti stendur félagið líka með eigin starfi og býður fyrst pláss fyrir þau sem eru tilbúin að skuldbinda sig til þátttöku allt árið.

Aftur á móti eru félögini hvött til að undirbúa strax vorannar skráningu sem opnar 1. janúar á síðara ári starfsársins fyrir áhugasama nýliða eftir áramót. Stjórnir félaga eru eftir sem áður hvött til að rukka á vorönn meira en bara helming af heilsársgjaldi, sérstaklega ef félagseinkenni eru innifalin í félagsgjaldi.



Stofna þjónustu																																	
<input type="radio"/> Almennt	<input checked="" type="radio"/> Eitt val?																																
<input type="radio"/> Staðsetning	<input checked="" type="radio"/> Stofna val																																
<input type="radio"/> Afslættir	<table border="1"> <thead> <tr> <th>#</th><th>Nafn</th><th>Áskrift</th><th>Skráning</th><th>Fjöldatakmörkun</th><th>Bíðlisti</th><th>Verð</th><th>Undirhópur</th><th>Staða</th></tr> </thead> <tbody> <tr> <td>1.</td><td>Félagsgjald starfsárið 2022-2023, heilt ár</td><td>01.08 - 31.07 (52w 1d)</td><td>Lokar 31.05.2023</td><td>30</td><td>Já</td><td>50000</td><td>Opið</td><td><math>\otimes = \leq</math></td></tr> <tr> <td>2.</td><td>Félagsgjald starfsárið 2022-2023, síðari ónn</td><td>01.01 - 31.07 (30w )</td><td>Opnar 01.01.2023</td><td>5</td><td>Já</td><td>30000</td><td>Opið</td><td><math>\otimes = \leq</math></td></tr> </tbody> </table>						#	Nafn	Áskrift	Skráning	Fjöldatakmörkun	Bíðlisti	Verð	Undirhópur	Staða	1.	Félagsgjald starfsárið 2022-2023, heilt ár	01.08 - 31.07 (52w 1d)	Lokar 31.05.2023	30	Já	50000	Opið	$\otimes = \leq$	2.	Félagsgjald starfsárið 2022-2023, síðari ónn	01.01 - 31.07 (30w )	Opnar 01.01.2023	5	Já	30000	Opið	$\otimes = \leq$
#	Nafn	Áskrift	Skráning	Fjöldatakmörkun	Bíðlisti	Verð	Undirhópur	Staða																									
1.	Félagsgjald starfsárið 2022-2023, heilt ár	01.08 - 31.07 (52w 1d)	Lokar 31.05.2023	30	Já	50000	Opið	$\otimes = \leq$																									
2.	Félagsgjald starfsárið 2022-2023, síðari ónn	01.01 - 31.07 (30w )	Opnar 01.01.2023	5	Já	30000	Opið	$\otimes = \leq$																									
<input type="radio"/> Stillingar																																	
<input type="radio"/> Valmöguleikar																																	
<input type="radio"/> Forskoða í vefverslun																																	

Mynd 12 Sýnidæmi um hvernig valmöguleikarnir birtast eftir að þeir hafa verið stofnaðir

## Systkina- og annarskonar afsláttur

Vilji skátafélagið vera með systkinaafslátt eða annarskonar afslátt í félagsgjöldum þarf að vera virkur afsláttar prófill. Til að sýsla með afsláttar prófíla er farið í stjórнanda viðmótið og smellt á „Greiðslur“ í vinstri borða síðunnar, því næst á takkann „Afsláttarmiðar“ uppi í vinstra horni og svo á „Skoða afsláttar prófíla“ uppi í hægra horni á síðunni.

Reikningar	Færslur	Afsláttarmiðar	Fjáristreymi	Uppgjör	Efnahagur	<a href="#">Skoða afsláttar prófíla</a>
Skátafélagið Fossbær	Notandi	Leita etter nafni, netfangi eða kt	Leita Q	Slur	Hreinsa slu	Aðgerðir
Skátafélagið Garðbúar						
Skátafélagið Hafnarfjörður						
Greiðslur						
Flokkar						
Vildburðir						
Rjónustufyrirlit						
Greiðsluvilburðir						
Cjaðarar						
Svið						
Svæðis dagatal						
Sveði						
Hitakort						
Saga íþekkinga						

Mynd 13 Skjáskot af því hvar þurfi að smella til að sýsla með afsláttar prófíla

Þá birtist takkinn „Stofna“ uppi hægra megin á síðunni sem smellt er á og því næst á „Bæta við afsláttarprófil“.



Reikningar	Færslur	Afsláttarmiðar	Fjártreymi	Uppgjör	Efnahagur			Skoða afsláttarmiða		
Afsláttarprófiler Skátafelagið Hafernir										
Bæta við afsláttarprófil Setja afsláttarmiða á meðlim										
○	Nafn	Type	Takmörk	Prósenta	Afsláttarmiðar stofnaðir frá	Afsláttarmiðar stofnaðir til	Fyrnast	Used	Staða	
○	Systkinaafsláttur - félagsgjöld	Sibling	Engin	20% ○	01.08.2021	31.05.2022	31.05.2022	4	4	Útrunnin

Mynd 14 Skjáskot af því hvar þurfi að smella til viðbótar til að stofna nýjan afsláttarprófil

Þá birtist eftirfarandi gluggi:

Stofna afsláttarprófil

Nafn *	Systkinaafsláttur - Félagsgjöld 2022-2023
Type *	Sibling
Takmörk *	Sama sport / deild
Combine Amounts of Purchases	<input type="checkbox"/>
Prósenta *	%
Afsláttarmiðar stofnaðir frá *	DD.MM.YYYY
Afsláttarmiðar stofnaðir til *	DD.MM.YYYY
Fyrnast *	DD.MM.YYYY

Mynd 15 Skjáskot af glugganum sem stýrir stillingum afsláttarprófils

Ýmsar leiðir eru til að útfæra afsláttar prófíla en hér verður eingöngu farið yfir systkinaafslætti sem er algengasta formið í skátastarfi og því verklagi með afslætti sem Skátamiðstöðin mælir með. Vonandi gefur það félögum bó innsýn ef þau vilja útfæra afslætti á annan máta.

Fyrst ber að nefna að við mælum með að stofna einn systkinaafsláttar profil sem kerfið notar fyrir félagsgjöld og annan profil fyrir viðburði sem bera kostnað. Nefna þessa profíla lýsandi nöfnum t.d. annars vegar „Systkinaafsláttur - Félagsgjöld 2023-2024“ með takmörkin „Engin“ og hins vegar „Systkinaafsláttur - Viðburðir 2023-2024“ með takmörkin „fjöl flokka“. Þetta er til að koma í veg fyrir að kerfið veiti oftar afslætti en ætti að vera, t.d. þegar systkini mætir eitt í félagsútilegu en fær samt systkinaafslátt því kerfið bar útilegugjald saman við félagsgjald systkini þess því sami profíll var virkur í báðum skráningum.

Næst þarf að stilla prósentuna og ákveða hvort afslátturinn gildi fyrir samanlögðum gjöldum þessara systkina eða bara af gjöldum hvers barns eftir fyrsta barn, í fyrra tilfellinu skal hakað við „Combine amounts of purchase“. Kerfið nemur ekki að systkinaafsláttur eigi að taka gildi fyrr en barn númer 2 er skráð, ef



afsláttur á að vera fyrir samanlögðum gjöldum systkina reiknar kerfið afsláttinn sem X% afslátt af gjaldi barns 1 og X% afslátt af gjaldi barns 2, sé hakið ekki fyllt gefur kerfið bara X% afslátt af gjaldi barns 2.

Skátamiðstöðin mælist til þess að tímabil afsláttamiða sé frá 01/08/2023-31/07/2024, og að afslátturinn fyrnist 1/8/2024.

Þegar búið er að setja upp afsláttarprófil er hægt að tengja hann við þjónustu og greiðsluviðburði í kerfinu. Þess má einnig til gamans geta að hægt er að færa afsláttarmiða á útistandandi reikninga frá þessum stað í stjórnenda viðmótinu t.d. systkinaafslátt sem kerfið nam ekki því börn eru með ólík lögheimili.

## Setja upp svæði félags

Þegar skráning er opnuð, fundarplan innan sveitar er búið til, viðburður er stofnaður og fleiri virkni innan Sportabler er nýtt er hægt að spara sér vinnu með að hafa fyrirfram skilgreind svæði vistuð í kerfinu. Þetta geta t.d. verið skátaheimilið, skátaskálinn, Úlfljótsvatn, Öskjuhlíðin eða aðrar fastar staðsetningar sem félagið nýtir sér gjarnan.

Ný svæði eru stofnuð í stjórnenda viðmóti félagsins með að smella á „Svæði“ í vinstri borða, því næst á „Stofna“ og svo „Stofna svæði“. Restin segir sig sjálf og því er látið nægja að sýna Klakkur hefur nýtt þessa virkni á stórglæsilegan hátt.

The screenshot shows the Sportabler app's interface for managing club areas. On the left, there is a sidebar with various filters and a search bar at the top. The main area displays a table titled 'Skátafélagið Klakks Svæði'. The table has columns for Name, Label, Description, Address, Capacity, Restricted, and Type. There are six entries listed:

Name	Label	Description	Address	Capacity	Restricted	Type
Fálfafell	falkafell	Skátaskálinn Fálfafell í eigu Klakks	MV43+5WV Akureyri, Iceland	25	No	MEETING_ROOM
Gamlí	gamlí	Skátaskál Klakks fyrir ofan Hamra	JVQJ+W6 Akureyri, Iceland	20	No	MEETING_ROOM
Hamrar útlifsmiðstöð Skáta	Hamrar	útlifmiðstöð skáta á Akureyri	Hamrar, Hamrar, Akureyri, Iceland	1000	No	MEETING_ROOM
Hyrna	hyrna	Skátaheimilli Klakks	Pórunnarstræti 99, Akureyri, Iceland	200	No	MEETING_ROOM
Valhöll	vaihöll	Skátaskál Klakks á Vöðlahööldi	Valhöll, Akureyri, Iceland	50	No	MEETING_ROOM


Mynd 16 Skjáskot af stórglæsilegri uppsetningu Klakks á svæðum félagsins í Sportabler



## 6. Færa þáttakendur á milli flokka

Í upphafi starfsárs þætti kannski mörgum rökrétt að hreinsa alla út úr félagatali og hefja það alveg upp á nýtt, þannig að meðlimir fyrra árs þurfi að skrá sig aftur frá grunni. Í rauninni hafa flest fyrrum félagatöl skátanna núllstillst í upphafi hvers starfsárs. Það er ekki rauninn með Sportabler, næstu skref munu útskýra hvernig skátafélögin geta haldið sterkum tengslum við skáta sem störfuðu með þeim á fyrra starfsári og með góðri þjónustu aukið líkur á því að þau og forráðafólk þeirra velji að þau haldi áfram í starfinu.

Fyrsta skrefið í átt að þessu er að færa þau sem eru að ganga upp á milli aldursbila úr sínum gamla aldursbili í félagatalinu í það nýja. Það er gert með því að fara inn í flokkinn í gegnum „Svið“ og sigta eftir fæðingarárinu sem er að færast upp.



Mynd 17 Sýnidæmi um hvernig skuli færa fólk milli flokka

Eftirfarandi árgangar eru að færast upp á milli eftirfarandi aldursbila:

Árgangur	Er að fara úr	Er að fara í
2013	Drekaskátum	Fálkaskáta
2010	Fálkaskátum	Dróttskáta
2007	Dróttskátum	Rekkaskáta
2004	Rekkaskátum	Róverskáta
1997	Róverskátum	Eldri skáta

Tafla 2 Listi yfir árganga sem færast milli aldursbila starfsárið 2023-2024

Þegar búið er að síða út, árganginn sem er að fara upp getur maður valið alla í þeim árgangi með að velja hakið efst í vinstra horninu á síðunni, síðan smellið þið á hnappinn „Breyta“ og svo á valmöguleikann „Færa/afrita í flokk“.




Dróttskátar - Andrómeda							Sjá viðburði	Sláðu inn nafn, netfang eða kt	Stofna (8)	Eyða (8)	Breyta (8)	Annað (8)
	Pjálfarar	5 / 5 (100%)	Leikmenn	27 / 6 (22%)	Aðstandendur	64 / 42 (78%)	Leikmenn án aðstandanda	0 / 27 (0%)	<a href="#">Færa/Afrita í flokk</a>	<a href="#">Breyta flokk</a>		
Fæðingarár	2006 - 2008	 Timabil hefst	01.09.2021	 Timabil endar	27.08.2022	Leikmenn hvorki með app né aðstandanda	0 / 27					
Skátar		 Viðtökureikningar (1)				Köðl flokks	<a href="#">QZHIST</a>					
<a href="#">Meðlimir</a>	<a href="#">Leikmenn(27)</a>	Pjálfarar(5)	Aðstandendur(64)									Sjá alla
 Meðlimir (27)	Tegund	Mæt. %	Undirhópur	 Fær		Netfang						

**Mynd 18** Sýnidæmi um hvernig maður færir iðkendur í annan flokk

Þá birtist gluggi, þar skal velja flokkinn sem á að færa viðkomandi árgang í með að smella á felligluggann og smella síðan á hnappinn „Fær“ við það færast allir sem hakað var við úr þeim flokk sem þau voru í og yfir í þann nýja.

**Fær/Afrita meðlimi í flokk**

Flokkur: 

4 leikmenn valdir

[Afrita](#)  [Hætta við](#)

**Mynd 19** Sýnidæmi um hvernig iðkendur væru færðir úr dróttskátum í rekkaskáta í Kópum

Þegar þessu er lokið er mikilvægt að ljúka einnig næsta skrefi þar sem öll eru forskráð í greiðsluferli.

Bent er á að í þessu skrefi má hafa augun fyrir skátum sem vitað er að hætt eru í félaginu, í stað þess að færa þau upp um aldursbil og forskrá þau fyrir félagsgjaldi næsta árs er betra að skrá þau strax úr félaginu. Leiðbeiningar um það má finna í 8. hluta þessara leiðbeininga.

## 7. Forskrá þátttakendur í greiðsluferli

Nú þegar við erum búin að uppfæra alla skelina okkar, opna skráningu og færa meðlimi síðasta starfsárs í rétta aldursflokkum fyrir komandi starfsár þurfum við að forskrá þau í greiðsluferli. Með þessu skrefi erum við ekki að setja af stað greiðsluseðla eða annarskonar greiðsluferli heldur einungis að taka frá pláss fyrir þau sem vilja halda áfram og veita félögum okkar góða þjónustu. En þetta skiptir



líka máli hvað varðar fjöldatakmörkun, ef við erum með skráningu opna fyrir 30 manns og skráum þau sem eru fyrir í flokknum ekki í þá skráningu þá geta allt að 30 manns bæst til viðbótar við þau sem eru fyrir í flokknum.

Til að forskrá þátttakendur í greiðsluferli er farið inn í viðkomandi þjónustu í gegnum „þjónustuyfirlit“ í stjórnenda viðmótinu. Í eftirfarandi sýnidæmi skulum við ímynda okkur drekaskátasveitina Erindreka innan BÍS. Á síðasta starfsári störfuðu innan hennar þrír erindrekar þau Halldór, Sigurgeir og Sædís.

Þegar við opnum þjónustuna sem við tengjum við flokkinn í Sportabler fyrir drekaskátasveitina Erindreka sjáum við þau þrjú í dálk vinstra megin sem heitir „Leikmenn“, því þau eru þegar skráð í flokkinn, þar sem hvorki við né þau sjálf höfum fjarlægt þau úr flokknum frá því á síðasta starfsári.

Til að gæta þess að þau greiði fyrir áframhaldandi félagsaðild drögum við þau úr vinstri dálkinum og í dálk hægra megin. Þar sem við erum bæði með heilsárs og annarskráningu tilbúna í bakandanum gætum við þess að skrá þau í „Allt árið“. Þá birtist þessi gluggi:

**Mynd 20** Sýnidæmi um forskráningar gluggann



Þegar við forskráum getum við breytt verðinu sem á að greiða og/eða gefið afslátt. Þá er mikilvægt að skrifa athugasemd til að einfalda okkur sjálfum í framtíðinni, bökara, endurskoðanda eða öðrum sem koma að fjármálum eða skráningarmálum að skilja af hverju viðkomandi fékk afslátt. Að lokum getum við skrifað almenna athugasemd um af hverju við forskráðum viðkomandi, Skátamiðstöð mælist til að það sé alltaf gert.

**Mynd 21** Sýnidæmi um þau ólíku skilaboð sem felast í hinum ýmsu merkjum og litum í þjónustugluggananum

Þegar „leikmaður“ í „flokk“ er skráður í greiðsluferli kemur nafn þess valmöguleika sem þau hafa verið skráð í fyrir aftan nafn þeirra. Í dæminu hér að ofan sjáum við t.d. að Halldór er ekki með neinn texta við nafn sitt og hefur þ.a.l. ekki verið skráður í greiðsluferli. Ef textinn er rauður eins og við nafn Sædísar og Sigurgeirs eiga þau enn eftir að staðfesta skráningu og setja upp greiðsluferli, og því er skráningin merkt „Ógreitt“.

Í hægri dálkinum birtist skjöldur fyrir aftan nafn Sædísar og Sigurgeirs. Þetta þýðir að þau hefur stjórnandi í kerfinu staðið að skráningu þeirra í greiðsluferli en ekki þau sjálf. Talblaðran við nafn þeirra þýðir að þau sjálf, forráðafólk eða stjórnandi hafi skrifað einhverja athugasemd þegar þau voru skráð. Ef foreldri stæði sjálft að skráningu myndi kannski athugasemd um heilsufar vera skrásett þarna og er þá bara aðgengilegt í þessum glugga.

Skátamiðstöðin mælist til að allir fyrrum meðlimir séu skráð í greiðsluferli, líka þau sem eiga að fá frítt, þá sé bara færður inn afsláttur. Þannig þarf forráðfólk árlega



að endurnýja samþykki sitt og gangast þá við mögulegum uppfærslum á skilmálum.

## 8. Upplýsa þáttakendur um forskráningu

Þegar við höfum lokið við að forskrá alla þáttakendur í greiðsluferli innan þeirrar þjónustu sem var sett upp í kringum þeirra aldursbil er tímabært að við höfum samband við þau og forráðafólk þeirra. Við viljum upplýsa þau um hvað við séum búin að gera, hvers vegna og síðan leitast eftir því að þau staðfesti skráninguna eða skrái sig úr féluginu hið fyrsta.

Til að aðstoða félögin í þessu höfum við útbúið [sniðmáta að bréfi](#) til fyrrum félaga sem er hægt að finna á <https://skatarnir.is/hefjum-storf>.

### Hvernig félagið skráir skáta úr féluginu eða fjarlægir greiðsluferli

Ef skáti eða forráðafólk skáta hefur samband og óskar þess að skrá viðkomandi úr starfi þarf félagið að gangast við því. Þá er farið aftur í „þjónustuyfirlit“ í stjórnenda viðmótinu og inn í þjónustuna sem var stofnað utan um aldursbil viðkomandi. Því næst er ýtt á punktana þrjá sem eru hægra megin við nafn viðkomandi í greiðsluferlisdálkinum og síðan er valið „Fjarlægja áskrift“:

Sínumið	Nafn	Flokkur	Ár	Útlit
1.	Halldór Valberg	Drekaskátarinn	1998	Aktív
2.	Sigurður B. Þórisson	Drekaskátarinn	1992	Aktív
3.	Sæðis Ósk Helgadóttir	Drekaskátarinn	1993	Aktív

Mynd 22 Sýnidæmi um hvernig skuli fjarlægja áskrift



Þegar þetta hefur verið gert birtist eftirfarandi gluggi:

Fjarlægja áskrift

Fjarlægir áskrift af meðlim. Notist ef um ranga skráningu var að ræða. ATH, ef meðlimur er að hætta, vinsamlegast notið Stöðva áskrift

Áskrift	<input checked="" type="checkbox"/> Allt árið - 2022-08-22 : 2023-07-31
Meðlimur	Sigurgeir B. Pórísson
	<input checked="" type="checkbox"/> Fjarlægja iökanda úr flokk
	<input checked="" type="checkbox"/> Fella niður reikning (í safn)
Athugasemd stjórnanda	<p>Viðkomandi var forskráður þar sem bau höfðu verið í starfi með félagini starfsárið áður, en óskuðu bess að hætta í starfi.</p>
	<a href="#">Hætta við</a> <a href="#">Staðfesta</a>

Mynd 23 Sýnidæmi um viðmótið sem birtist þegar maður fjarlægir áskrift

Í þessum glugga er mikilvægt að skrifa athugasemd stjórnanda svo auðveldara sé að muna í framtíð hvað var verið að gera. Í boði er að fjarlægja áskriftina án þess að fjarlægja viðkomandi úr flokk, þetta getur verið gagnlegt t.d. ef forráðafólk greiddi félagsgjöld með öðrum leiðum en í gegnum kerfið. Þá er líka hægt að fjarlægja viðkomandi úr floknum og úr áskriftinni sjálfri (svo aðrir komist að sökum fjöldatakmörkunar), án þess að fella niður reikning. T.d. ef einhver á ógreitt hluta úr félagsgjaldi en hættir og félagið fer fram á að það sé klárað að greiða fyrir viðkomandi.

## 8. Uppfæra upplýsingar um foringja í Sportabler

Þar sem við erum að endurnota flokka frá því í fyrra er sennilegt að á mörgum stöðum séu foringjar ekki rétt skráð í kerfinu. Þægilegasta leiðin til að fara yfir þetta er í stjórnenda viðmótinu með að smella á „þjálfarar“ í vinstri borða á síðunni:



Flokk	Fjöldi starfsmanna	Pjálfarar	Leikmenn	Vildburðir
All	30	0	2	0
Bakland	30	0	2	0
Sjálfbóðalíðar	28	5	29	0
Skátamót	2	2	8	0
Skátar	2	2	24	0
Útlifsskóli	0	0	13	0
Starfsfólk félags	0	0	25	0
Skátar • Drékkátar	0	3	23	0
Skátar • Dróttsskáta viðburður	0	2	8	0
Skátar • Dróttsskátar	0	2	24	0
Skátar • Eldri skátar	0	0	13	0
Skátar • Fálkaskátar	0	6	25	0
Skátar • Fjölskylduskátar	0	3	23	0
Sjálfbóðalíðar • Foringjar og Stjórn	0	0	0	0
Útlifsskóli • Námskeið 1	0	7	16	0
Útlifsskóli • Námskeið 10	0	0	0	0

Mynd 24 Sýnidæmi um hvernig yfirsýn með þjálfurum félags lýtur út

Í þessari sýn fær félagið yfirsýn með öllum „flokkum“ sem eru virkir í kerfinu hjá þeim hægra megin á síðunni og svo yfirsýn yfir öll sem eru „þjálfarar“ yfir einum eða fleiri af þessum flokkum í dálk vinstra megin á síðunni. Til að gæta persónuverndar er listinn falinn í dæminu.

Sjái félagið hér flokka utan um starfsemi sem er liðin er nú kjörið tækifæri að setja þann flokk í safn. Allar upplýsingar úr þeim flokki varðveitast í „Saga iðkenda“.


## Hvernig skuli uppfæra upplýsingar um foringja

Fyrst er gott að yfirfara nöfnin í hverjum flokk fyrir sig og bæta nýjum foringjum yfir viðkomandi aldursbili inn áður en eytt er úr flokkunum. Þetta er einfaldlega vegna þess að ef foringi er nýr yfir vissu aldursbili en var mögulega að vinna með öðru aldursbili á fyrra ári er þetta skref einfaldara ef við höfum ekki fjarlægt þau úr þjálfara listanum.

Til að bæta við foringja í aldursbil sem var starfandi með félaginu í fyrra nægir einfaldlega að draga nafn viðkomandi úr listanum vinstra megin í viðkomandi flokk hægra megin.

Ef viðkomandi var ekki foringi yfir aldursbili á fyrra starfsári er valið „Stofna þjálfara“ uppi í hægra horninu:






**Mynd 25** Hvernig skuli stofna nýjan þjálfara

Þá birtist glugginn hér að ofan, velja skal flokkinn sem viðkomandi verður foringi í og svo er hægt að slá inn nafn ef viðkomandi er búið að stofna aðgang í Sportabler en annars hægt að setja inn netfang og bjóða viðkomandi að stofna aðgang í leiðinni.

Skátamiðstöðin mælist til þess að eingöngu sveitarforingjar séu skráð sem „yfirþjálfarar“ og aðstoðarforingjar sem „þjálfarar“. Skátamiðstöðin minnir einnig á að einstaklingar undir 18 ára geta ekki verið í ábyrgð fyrir skátasveit og skal ekki undir neinum kringumstæðum vera merkt sem „yfirþjálfarar“.

## Hvernig fjarlægja skuli foringja

Að fjarlægja foringja úr flokk er lítið mál. Viðkomandi flokkur er opnaður með að smella á plúsinn, síðan er smellt á punktana þrjá hægra megin við nafn foringjans og síðan er valið „Fjarlægja“.



**Mynd 26** Hvernig skuli fjarlægja þjálfara



Þegar búið er að fjarlægja einhvern úr öllum flokkum dettur viðkomandi líka út af „Starfsfólk félagsins“ listanum vinstra megin á síðunni.

Með því að ýta á örina við hliðina á „Yfirþjálfari“ er líka hægt að breyta hlutverki foringja ef það hefur breyst á milli ára, í stað þess að fjarlægja og setja aftur inn í nýju hlutverki.

## Láta þinn erindreka vita að þessu skrefi sé lokið

Skátamiðstöðin mun lyfta upplýsingum um sjálfboðaliða og starfsfólk félagsins úr Sportabler til að hafa á mannauðsskrá fyrir starfsárið. Mannauðsskráin notum við til að skjalfesta hver voru í ábyrgð fyrir hverju hvaða ár, til að bera saman við sakavottorðsskil, til að búa til samskiptalínur til fólks í hinum ólíku hlutverkum og miðla upplýsingum til hins opinbera svo eitthvað sé nefnt.

Því þarf Skátamiðstöð að vita af því þegar búið er að uppfæra þessar upplýsingar.

## 9. Setja skátafundi og viðburði inn í Sportabler

Stjórnendur og yfirþjálfarar geta leyst þetta verkefni. Stjórnendur í stjórnenda viðmóti og yfirþjálfarar í þjálfara viðmóti. Fyrst er farið alla leið í flokinn sem á að setja viðburðina inn í. Þar er farið í „Stofna“ og svo í „Stofna æfingaáætlun“.

The screenshot shows the Skatamidstod website interface. At the top, there's a search bar and several dropdown menus. Below that, there's a summary table with columns for Bjálfarar, Leikmenn, and Aðstandar. On the right, there's a sidebar with various statistics. A dropdown menu is open over the 'Stofna' button, listing options like 'Bæta við meðlim', 'Stofna bjálfara', 'Bjóða forráðamanni', 'Stofna æfingu', 'Stofna æfingaáætlun' (which is highlighted in yellow), 'Stofna leik', 'Stofna margra leiki', and 'Stofna viðburð'. At the bottom, there are tabs for 'Meðlimir', 'Leikmenn', 'Bjálfarar', and 'Aðstandendur', along with some filters and a 'Sími' button.

Þá birtist eftirfarandi gluggi:



Stofna æfingaáætlun

Nafn*	Vikulegur skátafundur				
Færðu inn æfingaáætlun vikunnar fyrir valinn hóp / hópa					
Dæmi	15:00 - 16:00	Hópar	Svæði	Laugardalsvöllur, Reykjavík	Gervigras, völlur 2
Mánudagur	HH:MM - HH:MM	Veldu hópa	Veldu svæði	Staðsetning hér	Staðsetning nánar hér
Þriðjudagur	17:30 - 19:00	<input checked="" type="button"/> AL	<input checked="" type="button"/> Úlfjötsvatn	Iceland, Úlfjötsvatn, Úlfjötsvatn outd	Úlfjötsvatn
Miðvikudagur	HH:MM - HH:MM	Veldu hópa	Veldu svæði	Staðsetning hér	Staðsetning nánar hér
Fimmtudagur	HH:MM - HH:MM	Veldu hópa	Veldu svæði	Staðsetning hér	Staðsetning nánar hér
Fösstudagur	HH:MM - HH:MM	Veldu hópa	Veldu svæði	Staðsetning hér	Staðsetning nánar hér
Laugardagur	HH:MM - HH:MM	Veldu hópa	Veldu svæði	Staðsetning hér	Staðsetning nánar hér
Sunnudagur	HH:MM - HH:MM	Veldu hópa	Veldu svæði	Staðsetning hér	Staðsetning nánar hér
Veldu tímabil fyrir þessa æfingaáætlun. Æflingar fyrir allt tímabilin verða stofnaðar. Lágmark ein vika verður að vera valin.					
Upphafsdags*	30/08/2022				
Loka dags*	13/12/2022				
Senda tilkynningu á:	<input checked="" type="checkbox"/> Aðstandendur	<input checked="" type="checkbox"/> Sjálfgefin mæting	<input checked="" type="checkbox"/> Leikmenn		
<input type="button"/> Stofna æfingaáætlun					

Þegar Skátafundir eru settir inn er gott að setja fyrst inn fundina fyrir áramót og síðan þá sem verða eftir áramót. Hin leiðin er að setja þá inn yfir allt árið og fella svo út fundina sem eru meðan starfið er í jólafríi, en þá fær allir í viðkomandi flokki tilkynningu að viðburðir hafi verið felldir niður í gegnum Sportabler.

Skátamiðstöðin mælist síðan til þess að ekki sé hakað við að mæting sé sjálfgefin og að haka við að tilkynning sé send á aðstandendur og leikmenn. Þá þarf fyrir hvern skátafund að merkja við hvort viðkomandi mæti eða ekki. Reynslan hefur sýnt að forráðafólk er ekki duglegt að nota þessa virkni nema til að láta vita að skátar mæti ekki, og það séu þau duglegri að gera ef mæting er ekki sjálfvirk.

Skátamiðstöðin mælist svo til þess að á hverjum fundi við setningu fari sveitarforingi yfir mætinguna og merki við hver mættu og hver ekki. Forráðafólk fær þá tilkynningu um ef barn þeirra mætti ekki sem þau eru jafnvel ekki meðvituð um. En þannig hefur félagið líka nákvæma sögu um mætingu yfir önnina.

## Utanfélagsviðburðir, dagsferðir og sveitarútilegur

Viðburðir sem þessir eru stofnaðir innan flokks viðkomandi aldursbils en þá er sama skrefi fylgt og hér að ofan en smellt á „Stofna viðburð“ í stað „Stofna æfingaplan“. Þá fær forráðafólk tilkynningu um viðburðinn, og sér viðburðinn í dagatalinu í Sportabler og fær tilkynningar þegar nýjar upplýsingar bætast við.



## Félagsútilegur

Þegar félagsútilegu ber á góma kann mörgum að þykja freistandi að stofna bara skráningu í vefverslun og búa til sér flokk sem heldur utan um útileguna sem fólk skráist í. Þessu mælir Skátamiðstöðin gegn og hefur fyrir því mjög góðar ástæður.

Skátamiðstöðin mælist til þess að þegar kemur að félagsútilegum sé hún stofnuð sem viðburður inni í flokk hvers aldursbils. Þetta kann í fyrstu að virðast flókið því það þarf að stofna útileguna oft. En það er lítil vinna og gefur féluginu margfalt betri yfirsýn sem deilist jafnt á milli foringja, starfsmanna og stjórnarfólks.

Þegar félagsútilega er stofnuð sem viðburður getur hver sveitarforingi fyrir sig fylgst nákvæmlega með skráningu innan sinnar sveitar og þannig betur ýtt við þeim sem hafa ekki skráð sig. Frekar en að þurfa að fá uppfærðan lista frá stjórnanda í kerfinu og bera saman við sína þátttakendur.

Þegar félagsútilega er stofnuð sem viðburður með þessum hætti getur fólk líka boðað í kerfinu að það komist ekki. Þannig þarf ekki sífellt að vera að senda fólk upplýsingapósta og auglýsingar sem fyrir löngu síðan er ljóst að kemst ekki. Þannig sést innan hvers aldursbils hverju sinni hver eiga eftir að svara hvort þau mæti eða ekki og auglýsa bara gagnvart þeim. Og þegar skráning í heildina er dræm þarf félagið ekki lengur að velta því fyrir sér hvort helgin sé óheppileg eða hvort illa hafi verið auglýst. Það getur einfaldlega skoðað hvort allir séu búnir að afboða sig og aðlagað sig út frá því.

Ef félagsútilega er stofnuð með þessum hætti fá skátarnir og forráðafólk félagsútileguna upp í dagatalinu í Sportabler hjá sér. Ef það er gert með öðrum leiðum gerist það ekki og því líklegra að fólk missi af upplýsingunum.

Að lokum fær félagið allan tímann skýra yfirsýn yfir mætingu eftir aldursbilum. Þetta getur haft marga kosti í för með sér t.d. ef það er ljóst mörgum vikum fyrir útileguna að bókstaflega enginn komist á aldursbili dróttskáta þá er hægt að sleppa við óþarfa púður að undirbúa þeirra dagskrá, eða hægt að endurmeta dagsetninguna ef það er talið mikilvægara að þau komist með.

Skátamiðstöð bendir á að til að stofna viðburð og rukka fyrir hann gegnum kerfið þarf að vera búið að ljúka við að fá Rapyd tengingu, sé því ekki lokið má finna [leiðbeiningar um það hér.](#)

